

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hið Norðlenska Styrjufjelag ehf. Ólafsfirði



Dags eftirlits	15.11.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Hið Norðlenska Styrjufjelag ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Pálsbergsgötu 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5910210790	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Þorbjörn Sigurðsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Eyþór Eyjólfsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en fimm ábendingar voru settar fram er varða uppfærslu á neyðaráætlun og áætlun um meðhöndlun úrgangs, setningu umhverfismarkmiða og áhættumats og viðbragðsáætlunar v. hættu á mengun hafs og stranda og að gjaldmiðil vantar á tryggingaskýrteini v. bráðamengunar hafs og stranda.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða fiskeldisstöð Hins Norðlenska Styrjufélags, Ólafsfirði. Fiskeldisstöðin er landeldisstöð með leyfi fyrir eldi á styrjum, bæði matfisk og seiðum. Heimilt er að ala allt að 20 t lífmassa af matfisk í stöðinni á hverjum tíma, en 1 t lífmassa ef stöðin er notuð til seiðaeldis.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir nýtt starfsleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Umfang rekstrar og tengiliðir
- Áætlanir og trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
- Meðhöndlun úrgangs og mengandi efna, öryggisblöð
- Þjálfun starfsfólks, verklagsreglur og áætlanir
- Skráningar, vöktun og skýrslur
- Kynning á fylgiskjölum fundarboðsins
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið sem gefið var út þann 31. mars sl. Þetta er fyrsta eftirlit Umhverfisstofnunar til rekstraraðila en starfsemi hófst í stöðinni í apríl sl. Minnt var á skiladaga skv. því sem fram kemur í starfsleyfi og þær skyldur sem í því felast. Einnig var farið yfir upplýsingar um tengilið rekstraraðila og þær skráðar.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það útfyllt miðað við núverandi stöðu, að eftirliti loknu.

Fiskur er kominn í 2 ker en uppbygging stöðvarinnar stendur enn yfir. Til stendur að útbúa aðstöðu fyrir seiðaeldi og klak á efri hæð hússins. Ekki er um eiginlegt matfiskeldi að ræða og eru styrjurnar aldar til margra ára og notaðar til hrognatöku. 138 styrjur voru í stöðinni er eftirlitið fór fram, als 5,4 tonn.

Fóðrað er í tvo fóðrara í hverju ker, tvisvar á dag og stjórnar styrjan sjálf, tíðni fóðurs ofan í kerin. Gefin eru als um 6 kg af fóðri á dag, samtals í bæði kerin. Styrjan er nú alin í fersku vatni en verður færð yfir í saltvatn. Hitastig vatns er rétt rúmlega 9°C og sýrustigið um 8. Frárennsli stöðvarinnar er leitt í lögnum frá kerjunum og yfir í brunn, inni í eldissalnum og þaðan út í bæjarveituna.

Daglegar skráningar eru í stöðinni og ekki er sett fram ábending þar um.

Mæla skal efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis tvisvar á ári skv. gr. 4.3 í starfsleyfi og er rekstraraðili minntur á þær mælingar. Einnig er minnt á að skýrslum þarf að skila til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert skv. gr. 4.4 og 4.5 í starfsleyfi. Með skýrslunum skal einnig skila inn lífmassatölum stöðvarinnar, þar sem fram koma hæstu gildi fyrir hvern mánuð, úr skráningarkefi rekstraraðila. Fyrstu

skil, fyrir árið 2022 þurfa að berast fyrir 1. maí 2023.

Uppfæra þarf neyðaráætlun skv. gr. 1.5 í starfsleyfi skv. leiðbeiningum sem afhentar voru í eftirlitinu. Áhættumat og viðbragðsáætlun skv. gr. 2.5 í starfsleyfi var ekki til staðar og var rekstraraðili minntur á að senda áætlunina inn við fyrsta tækifæri sem og umhverfismarkmiðum skv. gr. 2.1.

Allur úrgangur er færður á gámasvæði sveitarfélagsins og er lífrænn úrgangur settur í þar til gerðan gám. Flokkun úrgangs er með ágætum. Engin spilliefni eða lyf eru notuð í stöðinni, einungis spritt og vistvæn sótthreinsiefni. Engin olía er geymd í stöðinni. Tveir starfsmenn eru í stöðinni og þjálfun þeirra og þekking á starfsemi með ágætum.

Gengið var um stöðina og aðstæður skoðaðar. Stöðin er snyrtileg á að líta og ekki eru settar fram ábendingar þar um. Stöðin er öll innandyra og er góð aðgangstýring til staðar. Stöðin er höfð læst fyrir óviðkomandi aðilum. Ekki hefur orðið vart við meindýr í stöðinni og er fóður geymt í lokaðri fóðurgeymslu þar sem meindýr komast ekki að.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram þar sem uppfæra þarf neyðaráætlun skv. gr. 1.5 í starfsleyfi skv. leiðbeiningum sem afhentar voru í eftirlitinu.

Ábending var sett fram um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið skv. gr. 2.1 og starfa skv. þeim. Umhverfismarkmiðin voru ekki aðgengileg í eftirlitinu.

Ábending er sett fram um að áhættumat og viðbragðsáætlun skv. gr. 2.5 í starfsleyfi var ekki til staðar og var rekstraraðili minntur á að senda áætlunina inn við fyrsta tækifæri.

Ábending er sett fram vegna gr. 3.10 í starfsleyfi þar sem uppfæra þarf áætlun um meðhöndlun úrgangs í samræmi við leiðbeiningar sem afhentar voru í eftirlitinu.

Ábending var sett fram um að gjaldmiðil vantaði inn á tryggingaskýrteini v. bráðamengunar hafs og stranda og brást rekstraraðili strax við og sendi nýtt tryggingaskýrteini til eftirlitsaðila að loknu eftirliti.

ANNÆÐ

Sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar fylgdi fundarboðinu og er rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig var kynning um stjórnvaldssektir send með fundarboðinu og rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá því starfsemin hófst.

Eftirlitsaðili sendir skjal um útreikning á nitur og fosfór í frárennsli til rekstraraðila ásamt sniðmáti af umhverfismarkmiðum og áhættumati og viðbragðsáætlun til rekstraraðila til leiðbeiningar.

Reykjavík, 13.12.2022

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.


Guðbjörg Stella Árnadóttir